STJÓRNARTÍÐINDI B 74 – 1994

4. október 1994 1667 Nr. 532

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 339, 22. júní 1994, um loðnuveiðar 1994/1995.

1. gr.

Með reglugerð þessari er felldur úr gildi B-liður 3. gr. sbr. reglugerð nr. 376, 5. júlí 1994.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og laga nr. 34, 17. maí 1976, um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 4. október 1994.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

Stjórnartíðindi B 74, nr. 532. Útgáfudagur 6. október 1994.

Steindórsprent Gutenberg hf.